

# Ávarp orkumálastjóra

Ameríkumaður benti mér á, þegar honum þótti ég hafa nokkuð þröngt sjónarhorn við að finna lausn á ákveðnu vandamáli, að það væru margar mögulegar aðferðir til þess að flá kött. "There are many ways to skin a cat". Ég baðst kurteislega undan því að hann lýsti þessum aðferðum í smáatriðum en mér verður einhvern veginn oft hugsað til þessa manns þegar fólk í stærri eða minni hópum kemur að því að taka ákvarðanir eða móta stefnu til framtíðar.

Hin einfalda leið er að velja sér lið eða leiðtoga til þess að fylgja sem maður almennt treystir eða telur sig eiga samleið með af einhverjum ástæðum og kaupa eins konar pakkalausn sem gæti náð yfir afstöðu til veru okkar í NATO, Evrópusamstarfs, aðskilnaðar ríkis og kirkju og afgreiðslutíma verslana svo dæmi séu nefnd.

Hin krefjandi leið er þegar einstaklingurinn kynnir sér alla málavexti, leggur niður fyrir sér hvaða þættir málsins eru mikilvægastir, metur undir hverjum þætti bæði jákvæð og neikvæð álitafni og reynir síðan á grundvelli þessara upplýsinga að komast að málefnalega grundaðri niðurstöðu.



Þótt við almennt viljum trúna því að það sé seinni aðferðin sem menn stefna að þá er okkur um leið gjarnt að líta upp til þeirra sem geta hrifið með sér fjöldann með grófum einföldunum og oft ómálefnalegum boðskap. Hugmyndir um þegnskylduvinnu voru t. d. á sínum tíma ekki kveðnar í kútinum með því að sýna fram á veikleika í þeirri hugmyndafræði sem að baki lá heldur með hnyttilega ortri ferskeytlu.

Algeng aðferð til þess að losna við málefnalega umræðu er að velja út einstök atriði máls og umvefja þau hæfilegri blöndu af þjóðernisrómantík, einstöku verndargildi, dulúð og alls kyns óverðskuldaðri upphafningu til þess að girða fyrir frekari umhugsun og umfjöllun um aðra þætti málsins og koma í veg fyrir heildstætt mat.

Gott dæmi um þetta er þegar menn vilja í umræðunni útiloka auðlindanýtingu sem skapað gæti hundruð milljarða í útflutningstekjur og sparað útblástur um milljónir tonna af koltvísýringi, á þeirri einu forsendu að hún muni hafa áhrif á hálendið. Það er næsta víst að margir möguleikar til auðlindanýtingar munu verða settir til hliðar vegna neikvæðra áhrifa þeirra á náttúru, menningararf, aðra landnýtingu og fleiri þætti sem koma til skoðunar. Margir aðrir þættir sem einnig eiga að koma til skoðunar eru raunar mjög jákvæðir, þannig að heildarmyndin er engan veginn einhlít. Um það snýst reyndar öll vinna samkvæmt lögum um Rammaáætlun. Að láta hæð yfir sjávarmáli eina og sér leiða til niðurstöðu um slíkt er náttúrulega ekki dæmi um vandaðan málalímbúnað.

Það má í framhaldi af því spyrja sig í ljósi þeirra neikvæðu áhrifa á loftslagsmálin, sem aukinn bruni jarðefnaeldsneytis hefur í för með sér, hvort sjónarhorn okkar, þegar við metum t.d. virkjanakosti, sé ekki frekar of þröngt. Í þeim efnum er jörðin öll undir.

Bruni jarðefnaeldsneytis og hlýnun lofthjúpsins á heimsvísu hefur bein áhrif á hitastig og súrnun sjávar, bráðnun jökla og breytta sjávarstöðu. Þetta er eins konar alþjóðlegur banki þar sem við getum lagt inn og tekið út af sameiginlegum reikningi, hvar sem við erum stödd á jarðarkringlunni og afleiðingarnar elta okkur uppi, þar sem við búum.

Kolaorkuver gefur frá sér um það bil 800 kg af koltvísýringi á hverja framleiðda megavattstund umfram það sem myndast við raforkuframleiðslu með vatnsorku eða jarðvarma á Íslandi. Fyrir 100 MW orkuver nemur þessi munur rúmlega 600.000 tonnum á ári eða rúmlega 30 milljónum tonna á 50 árum. Þetta ættum við að sjálfsögðu að taka inn í jöfnuna þegar við metum heildaráhrif mismunandi orkukosta.

Önnur aðferð er að kasta fram einhverjum tilbúnum röksemdafærslum sem virðast trúverðugar við fyrstu sýn en reynast svo fullkomlega innihaldslausar þegar betur er að gáð.

Árið 1971 þegar ég rak miðunarstöð á Malarrífi fyrir landgrunnsæmilingar á vegum Orkustofnunar var þar gestkomandi maður sem hét Jón. Hann var vanur að svara spurningu um hugsanlegan skyldleika manna með sama stutta svarinu: "Jú, það var þannig, að ömmur þeirra voru mæður!"

Að lokinni loftslagsráðstefnunni í París komu menn ábúðarmiklir fram á sjónarsviðið og túlkuðu niðurstöður hennar á þann veg að nú væri sjálfhætt við allar hugmyndir um olíuvinnslu á Drekasvæðinu. Samt er það þó þannig, að sú leið, sem þar var valin, var að fá löndin til þess að skuldbinda sig til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Þar er ekki eitt orð að finna um skuldbindingar til þess að draga úr vinnslu olíu og gass.

Með minnkandi eftirspurn mun að sjálfsögðu hægja á vinnslunni. En það er ljóst að með þeim markmiðum sem nú eru til umræðu verður markaður fyrir olíu og gas fram eftir þessari öld og það mun þurfa að finna og nema nýjar lindir. Því miður munu hins vegar þekktar kolabirgðir heimsins endast okkur um aldir.

Ef núverandi kolabrennslu væri skipt út fyrir olíu og gas í jöfnum hlutföllum myndi kolefnislosun á ári minnka um 5,5 gigatonn eða 17 % af öllum útblæstri vegna notkunar jarðefnaeldsneytis miðað við óbreytta orkuvinnslu.

Skortur á olíu og gasi mun hins vegar leiða til aukinnar kolabrennslu sem hefur í för með sér stórauðna kolefnislosun og myndi þannig því miður vísa leiðina beint til glótunar.